

# Verkefni / rannsókn: Fylgdu hjartanu! Vitundavakning gegn mismunun

Styrkþegi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Markmið átaksins og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti er að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi fjölbreytni fyrir íslenskt samfélag og þá staðreynd að þótt fólk sé ólíkt á yfirborðinu þá erum við öll eins inn við beinið. Átakinu er ætlað að hvetja fólk til að líta í eigin barm og kveða niður fordóma sína og stuðla þannig að samfélagi þar sem allir íbúar njóta virðingar og jafna tækifæra. Mannréttindaskrifstofa Íslands stendur að átakinu í samstarfi við RKÍ og Þjóðkirkjuna. Í ljósi efnahagsþrenginga og óvissu ástands í samfélaginu er mikilvægt að minna fólk á að standa saman og styðja við þá sem verða oft illa úti þegar þrengir að. Mynd átaksins er hjarta en átakið samanstendur af vitundarvakningar viðburðum, birtingu veggspjalda, barmmerkja og bola, greinaskrifum ofl Merki átaksins er mynd af níu hjörtum, en á hjörtunum eru merkimiðar sem á stendur; karl, öryrki, innflytjandi, lesbía, múslimi, kona, eldri borgari, svartur, kristinn. Undir myndinni stendur, Fylgdu hjartanu, sameinumst í fjölbreytninni! Í tengslum við Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti var viðburður haldinn í Smáralindinni. Ungt fólk fékk fræðslu um fordóma og dreifði síðan bæklingum um fordóma, barmmerkjum, póstkortum úr hjartaátakinu og sælgæti. Einnig var boðið upp á skemmtiatriði fyrir unglíngana og aðra gesti, meðal annars tónlistaratriði úr söngleiknum Hero og breakdans og danskenslu. Viðburðir voru einnig haldnir á Ísafirði, Akureyri og Reykjanesi þar ungmenni tóku þátt þar sem póstkortum, plakötum, barmmerkjum og bæklingum var einnig dreift.

Átakið hefur þegar vakið nokkra athygli almennings og vonast er til að markmið verkefnisins að vekja fólk til umhugsunar um gildi fjölmenningar fyrir Ísland og að kveða niður fordóma hafi náðst. Fjallað var sérstaklega um herferðina tvisvar í Ríkisútvarpinu, annars vegar í Speglinum og hins vegar í Samfélaginu í nærmynd. Einnig var fjallað um átakið í Fréttablaðinu.

# Project: The ‘Follow Your Heart’ campaign against discrimination

Grantee: Icelandic Human Rights Centre

The campaign uses as its central image the award winning work ‘Love Difference’, by the Italian artist Andrea Delta. It depicts nine hearts all the same the only difference is in the labels that name specific “categories”, like, man, disabled, immigrant, lesbian, Muslim, women, senior citizen, black, Christian. The purpose of the campaign is to make people aware of and to reflect upon stereotypes and whether such stereotypes discriminate against people on the basis of the five main characteristics; age, disability, origin or race, sexual orientation and religion. The message of the poster is that even if we may appear different on the outside we are all the same on the ‘inside’. The heart theme was first used during the European Week against Racism, organized by the Icelandic Human Rights Centre, in cooperation with the Icelandic Red Cross and the National Church of Iceland. Events were held in shopping centres around the country on the International Day against Racism, 21 March, in the capital Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri and Reykjanesbær. Young people who had received anti-discrimination training distributed pins and brochures about racism and prejudice and received t-shirts with pro-diversity messages and the heart image. Various artists entertained guests – several musicians and dancers performed. The ‘Follow Your Heart’ campaign was then formally launched in June with posters displayed in bus stops in Reykjavík and Akureyri and smaller posters and postcards distributed to all libraries, general practices and social services in the country. The campaign received good attention with the public and the media; the National Broadcasting Company and the largest national newspaper, Fréttablaðið, each publishing two articles.